



## Reglur um hlutaveikindi

Reglur þessar fjalla um hlutaveikindi starfsmanna og skýra hvernig staðið er að veitingu heimilda til hlutaveikinda.

Í kjarasamningum er kveðið á um heimild starfsmanns til að vinna skert starf vegna slysa eða veikinda að læknisráði og með heimild yfirmanns.

### a) Starfsmaður hefur misst starfsgetu og er að hefja störf að lokunum veikindum.

Telji starfsmaður sig hafa náð starfshæfni að hluta aflar hann starfshæfnisvottorðs heilbrigðisþjónustu. Starfsmaður óskar eftir við yfirmann að fá heimild til að vinna skert hlutfall þurfi hann þess. Beiðni hans er vísað til trúnaðarlæknis sem metur beiðni með tilliti til starfshæfnisvottorðs læknis og staðfestir endanlegt starfshlutfall með útgáfu starfshæfnisvottorðs.

Hlutaveikindi í því tilfelli eru tímabundið úrræði að hámarki 8 vikur. Starfshæfni þarf að vera að lágmarki 50% eða 86 dagvinnustundir<sup>1</sup>.

Nái starfsmaður ekki fyrri starfshæfni að afloknu 8 vikna tímabili sem tímabundið úrræði nær yfir er metið hvort stofnun hafi þörf fyrir hlutastarf. Gefist þess kostur metur trúnaðarlæknir starfshæfni að nýju og býðst starfsmanni ráðning á endurmetnu starfshlutfalli að afloknu uppgjöri veikindaréttar.

### b) Missi starfsmaður starfsgetu að hluta og þurfi að minnka starfshlutfall sitt.

Starfsmaður aflar starfshæfnisvottorðs heilbrigðisþjónustu. Hann óskar eftir við yfirmann að fá heimild til að vinna skert hlutfall vegna veikinda. Beiðni hans er vísað til trúnaðarlæknis sem metur beiðni með tilliti til starfshæfnisvottorðs læknis og staðfestir endanlegt starfshlutfall með útgáfu starfshæfnisvottorðs.

Hlutaveikindi eru úrræði sem ætlað eru til að koma til móts við aðstæður starfsmanns og þarf starfshæfni að vera að lágmarki 50% eða 86 dagvinnustundir. Hlutfalli verður ekki hækkað fyrir en talið er að starfsmaður hafi náð að fullu starfshæfni í það starfshlutfall sem hann var í eða það sem æskilegt er talið til framtíðar<sup>2</sup> að teknu tilliti til veikindaréttinda. Metur trúnaðarlæknir starfshæfni þá að nýju.

Sækja þarf um hlutaveikindi með formlegum hætti til yfirmanns og undirrita ber samning um heimild til hlutaveikinda sem skila þarf mannauðs- og kjarateymi.

Fjarðabyggð 11. febrúar 2019

  
Karl Óttar Pétursson  
bæjarstjóri



Samþykkt í bæjarráði 28. janúar 2019  
Samþykkt í bæjarstjórn 7. febrúar 2019

<sup>1</sup> Hlutaveikindi er úrræði sem miðar að því að fyrirséð er að bata verði náð með aðlögun á 8 vikum. Hlutfalli er ákvarðað við upphaf endurkomu og er óbreytt fram að endanlegu mati.

<sup>2</sup> Hlutaveikindi er úrræði sem miðar að því að gefa starfsmanni kost á að ná fullri starfshæfni eða þeirri starfshæfni sem fyrirséð er að hann hafi getu til að sinna.